

ÍV Ríkisskuldabréfasjóður hs.
Útboðslýsing



ÍV SJÓÐIR

Tilkynning til fjárfesta og yfirlýsing rekstraraðila

Fjárfesting í eignarhlutum verðbréfasjóða er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar ítarlega og fylgiskjöl hennar. Verða fjárfestar fyrst og fremst að reiða sig á eigin dómgreind þegar þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfasjóðum með hliðsjón af væntingum um ávöxtun, ytri aðstæðum, eigin aðstöðu og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Kaup á eignarhlutum í verðbréfasjóði er í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum.

Á engan hátt ber að skoða útboðslýsingu þessa sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu verðbréfasjóðsins, ÍV sjóða hf. eða annarra.

Fjárfestum er bent á að leita til óháðra sérfræðinga um ráðgjöf við mat á eignarhlutum í verðbréfasjóðum sem fjárfestingarkosti. Þá er fjárfestum bent á að kynna sér ítarlega lagalega stöðu sína, svo sem skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með eignarhlutum í verðbréfasjóðum.

Útboðslýsing þessi hefur að geyma upplýsingar sem eru fjárfestum nauðsynlegar til þess að geta metið kosti þess að fjárfesta í sjóðnum ÍV Ríkisskuldabréfasjóður, sem rekinn er af ÍV sjóðum hf. Útboðslýsingin er unnin samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og reglugerð nr. 970/2021 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf.

Undirritaður framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri, lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir sem þekktar eru á útgáfudegi útboðslýsingarinnar og hefur engu mikilvægu atriði verið sleppt er gæti haft áhrif á mat á eignarhlutdeild í sjóðnum.

Akureyri, 9. október 2023

Jón Helgi Pétursson
framkvæmdastjóri

Yfirlit útboðslýsingar – helstu atriði

Tegund sjóðs:	Sjóðurinn ÍV Ríkisskuldabréfasjóður hs., kt. 650615-9720, er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði
Rekstrarfélag:	Rekstrarfélag sjóðsins samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði er ÍV sjóðir hf., kt. 4910012080, Hvannavöllum 14 600 Akureyri.
Vörsluaðili:	Vörsluaðili sjóðsins samkvæmt VI. kafla laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.
Starfsemi:	Tilgangur sjóðsins er að veita viðtöku fé frá einstaklingum og lögaðilum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum á grundvelli eign- og áhættudreifingar samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins.
Fjárfestingarstefna:	Fjárfestum er bent á að kynna sér sérstaklega kafla í útboðslýsingu um fjárfestingarmarkmið, fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættur tengdar því að eiga eignarhlutdeild í sjóðum. Sjóðurinn fjárfestir einungis í skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins.
Aðal söluaðili:	Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.
Kaup- og sölugengi:	Gengi eignarhlutdeilda sjóðsins mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og peningamarkaðsskjala sem sjóðurinn á hverju sinni. Eignarhlutdeild í sjóðnum skal innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi.
Arðgreiðslur:	Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
Póknun rekstrarfélags:	1% árlega af daglegu innra virði sjóðsins.
Fjárhæð:	Lágmarksfjárhæð viðskipta er kr. 5.000.
Réttindi:	Allir sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eignarhlutdeild sína. Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á heimasíðu ÍV sjóða hf. www.ivsjodir.is .

1. Upplýsingar um sjóðinn

1.1. Stofnun, heiti og deildarskipulag verðbréfasjóðsins

ÍV Ríkisskuldabréfasjóður hs., kt. 650615-9720, (hér á eftir í útboðslýsingu þessari kallaður „**sjóðurinn**“), er verðbréfasjóður og starfar samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði (hér eftir nefnd „**lög nr. 116/2021**“) og reglugerð nr. 970/2021 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf (hér eftir nefnd „**reglugerð nr. 970/2021**“). Sjóðurinn lýtur eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir nefnt „**Fjármálaeftirlitið**“). Sjóðurinn var stofnaður árið 2011 og er ekki deildaskiptur.

1.2. Markaðssetning, sala og þjónusta við fjárfesta og eigendur eignarhlutdeildar í sjóðnum

Rekstrarfélag sjóðsins, sbr. kafla 5.1 í útboðslýsingu þessari, hefur á grundvelli 22. gr. laga nr. 116/2021 gert útvistunarsamning og útvistað verkefnum til móðurfélags síns, Íslenskra verðbréfa hf. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstrarfélags gagnvart sjóðnum eða hlutdeildarskírteinishöfum sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 116/2021.

Íslensk verðbréf hf. eru aðal söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum. Íslensk verðbréf hf. annast milligöngu vegna áskriftar að eignarhlutum sem og innlausnar þeirra.

1.3. Upplýsingagjöf til fjárfesta og eigenda eignarhlutdeildar í sjóðnum

Rekstrarfélag sjóðsins og Íslensk verðbréf hf. veita allar nauðsynlegar upplýsingar til þeirra sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum.

1.3.1. Birting ársreikninga og hálfársuppgjóra

Endurskoðaður ársreikningur ÍV sjóða hf. er aðgengilegur eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Árshlutareikningur vegna hálfársuppgjörs er aðgengilegur eigi síðar en 31. ágúst ár hvert. Endurskoðaður ársreikningur og kannaður árshlutareikningur eru aðgengilegir á heimasíðu ÍV sjóða hf. hverju sinni. Í B-hluta árs- og árshlutareikninga rekstrarfélags eru sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

1.3.2. Hvar má nálgast reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins

Upplýsingar um rekstur verðbréfasjóðsins og skjöl sem nauðsynlegt er að fjárfestar kynni sér áður en af fjárfestingu verður s.s. útboðslýsing, reglur og lykilupplýsingablað er að finna á sértækri upplýsingasíðu sjóðsins sem finna má á heimasíðu rekstrarfélagsins ÍV sjóða hf., www.ivsjoDIR.is. Íslensk verðbréf, sem vörsluaðili sjóðsins sbr. gr. 5.2. veita hlutdeildarskírteinishöfum upplýsingar um virði eignarhlutdeildar og ávöxtun af eignarhlutdeild þeirra í gegnum Verðbréfavef ÍV á www.iv.is.

Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sbr. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 116/2021. Eigendum eignarhlutdeildar er tilkynnt um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laganna.

1.4. Skattaleg meðferð eignarhlutdeildar í sjóðnum, skil á fjármagnstekjuskatti

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeildar verðbréfasjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Um skattlagningu tekna af eignarhlutdeildum sjóðsins fer eftir lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Vörsluaðili sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er innleyst með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild.

Skattaleg meðferð ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Skattaleg meðferð er mismunandi eftir því hvort um er að ræða aðila heimilisfasta á Íslandi eða heimilisfasta erlendis og jafnframt eftir því hvort um er að ræða einstaklinga utan rekstrar eða einstaklinga með rekstur eða hvort um er að ræða lögaðila. Sumir lögaðilar eru undanþegnir staðgreiðslu af fjármagnstekjum. Þá sæta tilteknir lögaðilar hvorki skattlagningu né staðgreiðslu af tekjum af eignarhlutdeildum. Fjárfestar eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á sviði skattamála varðandi skattalega meðferð á eignarhlutdeild í sjóðnum.

1.5. Slit sjóðsins eða samruni

Reglur sjóðsins tilgreina aðferðir og skilyrði fyrir því að sjóðnum sé slitið eða hann sameinist öðrum sjóði. Fari markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins undir kr. 100.000.000 skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna hagkvæmni þess að slíta sjóðnum fyrir eigendur eignarhlutdeildar eða sameina hann öðrum sjóði eða sjóðum.

1.6. Endurskoðun verðbréfasjóðsins

Endurskoðandi sjóðsins er Deloitte ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

2. Eignarhlutdeild í sjóðnum

2.1. Skilríki fyrir eignarhlut í sjóðnum; útgáfa hlutdeildarskírteina og réttindi tengd eignarhlutdeild í sjóðnum

Sjóðurinn gefur ekki út hlutdeildarskírteini að meginstefnu til en óski sá sem á eignarhlutdeild í sjóðnum eftir því að fá hlutdeildarskírteini gefið út, er það gert í samræmi við gildandi lög og reglur sjóðsins. Til einföldunar verður hugtakið „hlutdeildarskírteinishafi“ notað í útboðslýsingu þessari yfir alla þá sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum, hvort sem þeir hafa fengið útgefin hlutdeildarskírteini eða ekki.

Við áskrift eignarhlutdeildar í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er kaupgengi í fyrsta lagi þekkt í lok dags á kaupdegi og yfirleitt næsta virka dag eftir kaupdag.

Áskrifandi fær staðfestingu fyrir áskrift sinni sem staðfestir eignarhlutdeild í sjóðnum og tilgreinir kaupverð í krónum, fjölda eignarhluta í sjóðnum og gengi á keyptum hlutum.

Sjóðurinn býður ekki upp á útgáfu eignarhlutdeildar í formi rafbréfa.

Allir sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og er staðfesting samkvæmt framangreindu eða hlutdeildarskírteini, eftir því sem við á, staðfesting á hlutdeild til eigna sjóðsins.

Vörsluaðili sjóðsins heldur utan um eignarhlutdeild hvers hlutdeildarskírteinishafa.

2.2. Eigendaskipti á eignarhlutdeild í sjóðnum

Tilkynna skal eigendaskipti á eignarhlutdeild í sjóðnum til vörsluaðila. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á eignarhlutdeild í sjóðnum, eru færðar á skrá og heimildar getið.

Aðili, sem eignast eignarhlutdeild í sjóðnum við nauðungarsölu eða á annan hátt án atbeina eiganda, skal þegar í stað tilkynna vörsluaðila um eigendaskiptin.

2.3. Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar

EKKI er greiddur út arður af eignarhlutdeild í sjóðnum. Arði, vöxtum og öðrum hagnaði af eignum sjóðsins skal bætt við höfuðstól hans. Hagnaður af eignum sjóðsins munu því endurspeglast í virði eignarhlutdeildar í honum.

2.4. Reglur um verðmat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspeglar raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum markaði eru metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati ÍV sjóða hf., undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. ÍV sjóðir hf. heldur skrá yfir mat eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum sjóðsins.

2.5. Tilhögun viðskipta með eignarhlutdeild í sjóðnum

Eignarhlutdeild í sjóðnum er eingöngu seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Lágmarksfjárfesting er kr. 5.000 að markaðsverði.

Beiðni um kaup og innlausn eignarhluta, sem ÍV sjóðum hf. berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir það (T+2) á staðfestu gengi þess dags sem beiðni kom fram. Beiðnir, sem berast eftir fyrrgreinda

tímasetningu, tilheyra næsta virka degi og ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi þaðan í frá (T+2).

2.6. Virði eignarhlutdeildar

Virði (gengi) eignarhlutdeildar í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, vörslukostnaði, innheimtukostnaði, þóknunum og áföllnum eða reiknuðum rekstrar- eða opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta eignarhluta.

Virði eignarhlutdeildar í sjóðnum er reiknað út daglega á virkum dögum og birt á heimasíðu ÍV sjóða hf., www.ivsjodir.is.

Um útreikning á virði eignarhlutdeildar og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti eftir lögum á hverjum tíma.

2.7. Innlausn

Sjóðurinn er skuldbundinn til að innleysa eignarhlutdeild í sjóðnum á staðfestu kaupgengi innlausnardags. Við innlausn á eignarhlut í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem tilgreinir fjölda innleysta hluta í sjóðnum. Innlausnarvirði og gengi er tilgreint á uppgjörskvittun sem send er hlutdeildarskírteinishafa.

Heimilt er að fresta innlausn eignarhlutdeildar í sjóðnum mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa krefjast þess. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun fyrir viðskipti á skipulegum markaði þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður svo að ekki reynist unnt að sannreyna innlausnarvirði eignarhlutdeildar eða að umfang innlausna sé slíkt að sjóðurinn nær ekki að mæta þeim nema með sölu eigna sem getur tekið tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra eignarhluta í sjóðnum.

Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirliti og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Jafnframt skal frestun auglýst á heimasíðu ÍV sjóða hf., www.ivsjodir.is. Er frestun lýkur skal opnun sjóðsins auglýst með sama hætti.

3. Fjárfestingarmarkmið

3.1. Fjárhagslegur tilgangur

Markmið með útgáfu ÍV Ríkisskuldabréfasjóðs hs. er að veita hlutdeildarskírteinishöfum ávöxtunartækifæri í gegnum safn ríkisskuldabréfa þar sem áhersla er á eigna- og áhættudreifingu.

3.2. Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðurinn leitast við í fjárfestingum sínum að hafa meðallíftíma heildareigna sjóðsins 5-10 ár.

Sjóðurinn hefur fengið heimild Fjármálaeftirlitsins til þess að fjárfesta umfram 35% og allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins, sbr. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 116/2021.

Sjóðurinn bindur fjárfestingar við verðbréf sem gefin eru út eða eru með ábyrgð íslenska ríkisins og takmarka þannig fjárfestingar sínar við Ísland. Íslenska ríkið hefur lánshæfismat óháðra aðila. Þrjú matsfyrirtæki meta lánshæfi ríkissjóðs Íslands, Moody's Investors Service, Fitch Ratings og Standard & Poor's. Mat þeirra gefur vísbendingu um hvað telja megi að felist í ríkisábyrgð íslenska ríkisins. Fyrirtækin meta lánshæfi og gefa bókstafseinkunn, en henni fylgir jafnan mat á horfum á breytingum á lánshæfismati sem geta neikvæðar, stöðugar eða jákvæðar. Er fjárfestum bent á að kynna sér mat framangreindra fyrirtækja á lánshæfi íslenska ríkisins.¹

3.3. Takmarkanir á fjárfestingum sjóðsins

Neðangreind tafla lýsir áherslum og sértækum skilyrðum sem sjóðnum eru settar umfram það sem leiðir af lögum nr. 116/2021.

Skuldabréf og víxlar með ábyrgð Ríkissjóðs Íslands	100%
--	------

Fjárfestingar sjóðsins þurfa ávallt að samræmast gildandi reglum um fjárfestingarheimild verðbréfasjóða sem kveðið er á um í ákvæðum 64.-76. gr. laga nr. 116/2021. Sjóðnum er óheimilt að víkja frá þeim ákvæðum.

Sjóðurinn hefur fengið heimild Fjármálaeftirlitsins til þess að fjárfesta umfram 35% og allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins, sbr. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 116/2021. Þegar heimildin er nýtt af verðbréfasjóðnum skal sjóðurinn dreifa slíkri fjárfestingu á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur. Má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs við þessar kringumstæður.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, eða binda meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálafyrirtækis. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Þrátt fyrir þetta er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Að öðru leyti skal fara eftir takmörkum þeim sem koma fram í lögum nr. 116/2021 í IX. kafla um fjárfestingarheimildir.

¹ Frekari upplýsingar um matsfyrirtækin er að finna á heimasíðu þeirra, <http://www.fitchratings.com/>, <http://www.moodys.com/cust/default.asp> og <http://www2.standardandpoors.com>.

Sjóðnum er óheimilt að skortselja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram (skortsala)

Sjóðurinn nýtir sér ekki heimildir skv. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 til að fjárfestingar í skráðum eða óskráðum afleiðum og er því óheimilt að stunda viðskipti með afleiður.

Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Þá er sjóðnum heimilt að taka skammtímalán til að mæta innlausn, að hámarki 10% af heildareignum sjóðsins, sbr. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021.

3.4. Sögulegt gengi sjóðsins

Nafnávöxtun sjóðsins er reiknuð út frá breytingu á kaupgengi sjóðsins. Nafnávöxtun er heildarhækkun á verðmæti hvers eignarhlutar í sjóðnum yfir eitt ár, mælt í prósentum. Taflan hér að neðan sýnir sögulega nafnávöxtun ÍV Ríkisskuldabréfasjóðs.

ÍV Ríkisskuldabréfasjóður	
Ár	Nafnávöxtun
2003	12,1%
2004	15,3%
2005	2,9%
2006	8,0%
2007	3,7%
2008	25,5%
2009	16,1%
2010	11,8%
2011	14,0%
2012	5,9%
2013	1,9%
2014	2,4%
2015	7,4%
2016	4,3%
2017	8,3%
2018	4,3%
2019	9,9%
2020	5,3%
2021	2,0%
2022	-6,9%
2023	2,7%

4. Áhætta fjárfesta tengd eignarhlut í sjóðnum

4.1. Hverjir ættu að fjárfesta í sjóðnum?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja fjárfesta til lengri tíma og eru tilbúnir að taka áhættu á sveiflum í ávöxtun.

Sjóðurinn reynir að nýta sér stöðugleika og öryggi í verðlagningu eigna og horfir til eigna sem eru gefnar út eða í ábyrgð íslenska ríkisins.

Sjóðurinn hentar einstaklingum og lögaðilum, svo sem fyrirtækjum, fagfjárfestum og stofnunum sem kjósa að fjárfesta í verðbréfasjóðum sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fjár til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum og dreifa áhættu af slíkri fjárfestingu samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn er ætlaður þeim sem vilja fjárfesta í verðbréfasjóði sem rekinn er af starfsleyfisskyldum aðila, háðir opinberu eftirliti og skyldu um reglulega skýrslugjöf um starfsemi þeirra.

Mat fjárfesta á áhættu sem fólgin er í að kaupa eignarhlutdeild í tilteknum verðbréfasjóði byggir oftast á því að skoða samsetningu eigna verðbréfasjóðsins og skoða sögulega þróun og sveiflur á verðmæti þeirra eigna sem sjóðirnir fjárfesta í og nota þá þætti til að meta mögulega framtíðarávöxtun. Slíkt mat þarf þó ekki að gefa rétta vísbendingu um ávöxtun sjóðsins í framtíðinni.

Fjárfestar eiga að hafa í huga að fjárfesting í verðbréfasjóðum er að jafnaði hugsuð til lengri tíma. Verðmæti eignarhlutdeildar í verðbréfasjóði getur eftir kaup verið lægri en þegar hún var keypt. Þá þarf ávöxtun sem hefur verið á eignarhlutdeild í fortíðinni ekki að gefa vísbendingu um hver ávöxtun eignarhlutdeildar verður í framtíðinni. Það er raunveruleg hættu á að fjárfestir tapi fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti og að hann fái minna til baka fyrir eignarhlutdeild sína en hann keypti hana á.

4.2. Áhætta tengd eignarhlut í verðbréfasjóðnum

Fjárfesting í einstökum verðbréfum getur falið í sér áhættu sem felst í því að verðmæti fjárfestingarinnar getur staðið í stað, ávöxtun orðið minni en vonast var til eða að verðmæti fjárfestingarinnar verður minna en það var í upphafi, allt eftir eðli og tegund fjárfestingarinnar og aðstæðum á markaði sem ræður verðmæti fjárfestingarinnar.

Rétt er að hafa hugfast að þó svo að áhætta af verðbréfaviðskiptum í formi eignarhlutdeildar í verðbréfasjóði geti samkvæmt framansögðu verið minni, getur hún engu að síður verið áhættusöm þar sem ávöxtun undirliggjandi verðbréfa kann að sveiflast frá einum tíma til annars og þar af leiðandi gengi og markaðsvirði eignarhlutdeildar í verðbréfasjóðnum.

4.3. Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutdeildar í sjóðnum

- Markaðsáhætta** – Hætta á verðlækkun verðbréfa á markaði vegna tiltekinna aðstæðna sem þar með hafa bein áhrif á gengi eignarhlutdeildar í sjóðnum. Verðlækkun verðbréfa stafar af breytingum á framboði eða eftirspurn eftir eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Aðstæður á markaði hverju sinni hafa þannig áhrif á framboð og eftirspurn og breytingar í slíku samhengi geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á virði eigna.
- Seljanleikaáhætta / lausafjárahætta** - Hætta á að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja. Áhættan felst í því að markaðsaðilar vilja ekki eða geta ekki keypt tiltekið magn verðbréfa eða vilja ekki kaupa á því verði sem til stendur að selja á. Kaupendur geta verið fáir eða kaupáhugi hreinlega ekki til staðar.
- Áhætta vegna eignatengsla hlutfélaga á markaði** – Hætta á að eignatengsl félaga á mörkuðum geti haft áhrif á verðmyndun verðbréfa og

peningamarkaðsskjala á markaði. Auk þess geta eignatengsl verið milli einstakra hlutafélaga sem getur leitt til þess að vandamál eða erfiðleikar einstakra félaga hafi víðtækari áhrif en annars myndi verða (*e. ripple effect*).

- d) **Vaxtaáhætta** – Fjárfesting í skuldabréfum geta falið í sér vaxtaáhattu þar sem breytingar á vöxtum og vaxtastigi hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa og þar með á gengi eignarhlutdeildar.
- e) **Mótaðilaáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiði ekki á gjalddaga.
- f) **Ytri aðstæður** - Svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Ný eða breytt löggjöf, reglur og reglugerðir á vegum stjórnvalda og eftirlitsaðila og breytingar á viðskiptaháttum geta haft veruleg áhrif á undirliggjandi eignir og eignaflokka og þar með á gengi eignarhlutdeildar.
- g) **Uppgjörsáhætta** – Hætta á að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki með sama hætti og vænst var, svo sem ef mótaðili greiðir ekki umsamda fjárhæð eða afhendir ekki eign á réttum tíma.
- h) **Rekstraráhætta** – Hætta á að verðbréf, skráning verðbréfaeignar í félagi eða peningalegar eignir í vörslu geti misfarist eða tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.
- i) **Áhætta tengd lánshæfismati íslenska ríkisins** – Þar sem fjárfestingar sjóðsins eru allar gefnar út af eða með ábyrgð íslenska ríkisins, er rétt að benda á að áhætta getur verið fólgin í lánshæfismati íslenska ríkisins á þann hátt að lækkun á lánshæfismati getur leitt til hækkunar á ávöxtunarkröfu þeirra verðbréfa sem ríkissjóður ábyrgist. Hækki ávöxtunarkrafa getur það leitt til verðyrnunar á eignum sjóðsins. Þá getur áhætta fólgin í samþjöppun vegna þess að eignir sjóðsins er til komnar vegna tiltölulega þröngs eignarflokks er að ræða.
- j) **Frammistöðuáhætta** – Hætta á að rekstraraðila takist ekki að stýra eignum og fjárfestingum í samræmi við væntingar um ávöxtun, eignasamsetningu, dreifingu og áhættu.
- k) **Verðbólguáhætta** – Áhætta sem felst í hækkun vísitölu neysluverðs meira en nemur nafnávöxtun eigna sjóðsins og þær rýrni að raunvirði. Verðtrygging skuldabréfanna lágmarkar áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu. Vægi verðbólguáhættu fer eftir því hversu stór hluti eigna sjóðsins er verðtryggður hverju sinni.

5. Rekstur verðbréfasjóðsins

5.1. Rekstrarfélag

Rekstrarfélag sjóðsins er ÍV sjóðir hf. (kt. 491001-2080). Félagið var stofnað árið 2001 og er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði og starfar á grundvelli laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Rekstrarfélagið er með starfsleyfi frá Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

Hluthafar félagsins eru tveir. Íslensk verðbréf hf. kt. 610587-1519 með 99,75% hlut og Björg Capital ehf. 500812-1090 með 0,25% hlut. Félagið er skráð að og mun hafa aðstöðu hjá Íslenskum verðbréfum hf., Hvannavöllum 14,600 Akureyri.

Rekstrarfélagið rekur fleiri verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta auk sérhæfðra sjóða. Við útgáfu þessarar útboðslýsingar annast rekstraraðili rekstur ÍV Skammtímasjóðs, ÍV Eignasafns I, ÍV Eignasafns II, ÍV Eignasafns III, ÍV Eignasafns IV, ÍV Áskriftarsjóðs ríkisverðbréfa, ÍV Erlent skuldabréfasafn, ÍV Ríkisskuldabréfasjóðs, ÍV Skuldabréfasafns, ÍV Sparisafns, ÍV Alþjóðlegs hlutabréfasjóðs, ÍV Erlent hlutabréfasafn, ÍV Hlutabréfavísitölusjóð og ÍV Stokk. Nýjustu upplýsingar um sjóði í rekstri rekstraraðila er ávallt að finna á heimasíðu rekstrarfélags, www.ivsjodir.is.

Stjórnarmenn rekstrarfélagsins eru Hjörvar Maronsson (stjórnarformaður), fjárfestingarstjóri hjá Kaldbaki ehf., Jón Bjarni Kristinsson, fulltrúi á mannauðssviði hjá Coca-Cola Europacific Partners á Íslandi og Katrín Káradóttir, verslunareigandi á Akureyri. Varamenn eru Kolbeinn Friðriksson, fjármálastjóri Hölds hf. og meðlimur í endurskoðunarnefnd Sparisjóðs Höfðhverfinga og Jón Steindór Árnason, fjárfestingastjóri hjá KEA svf.Framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins er Jón Helgi Pétursson.

Ytri endurskoðandi rekstrarfélagsins er Deloitte ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

Hlutfélag ÍV sjóða hf. er kr. 16.000.000 (sextán milljónir) - og hefur allt hlutfélag þegar verið greitt.

5.2. Vörsluaðili

Vörsluaðili sjóðsins er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519. Félagið var stofnað árið 1987 og fékk starfsleyfi verðbréfafyrirtækis 26. maí 1995. Aðsetur og skráð starfsstöð vörsluaðilans er að Hvannavöllum 14, 600 Akureyri. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vörsluaðili er móðurfélag rekstrarfélags sjóðsins.

Vörsluaðili sjóðsins annast umsjón og varðveislu fjármálagerninga í eigu sjóðsins. Um samband sjóðs og vörsluaðila fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 116/2021, einkum 45.-47. gr., og er nánar útfært með ítarlegum hætti í skriflegum vörslusamningi á milli aðila. Fjármunum sjóðsins er haldið aðgreindum frá fjármunum vörsluaðila. Vörsluaðili skal m.a.:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding eignarhlutdeildar sé samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðsins;
2. tryggja að útreikningur á virði eignarhlutdeildar sé gerður samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðsins;
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau brjóti í bága við lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða reglum sjóðsins;

4. tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé sjóðnum greitt endurgjald innan eðlilegra tímamarka og
5. tryggja að tekjur sjóðsins séu í samræmi við lög og sjóðsins.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og hlutdeildarskírteinishöfum vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörsluaðila við framkvæmd verkefna þess, sbr. 51. gr. laga nr. 116/2021.

Þar sem vörsluaðili er jafnframt móðurfélag rekstraraðila er fyrir hendi aukin hætta á hagsmunaárekstrum. Rekstraraðili og vörsluaðili hafa framkvæmt ítarlegt mat á mögulegum hagsmunaárekstrum er varða hagnun hlutdeildarskírteinishafa annars vegar og hagsmuni vörsluaðila hins vegar. Hagsmunaárekstrar geta t.d. komið fram í formi áhrifa á ákvarðanir, misnotkunar á trúnaðarupplýsingum og einhliða ákvarðana vörslufélags. Í þeim tilfellum þar sem greind hefur verið hætta á hagsmunaárekstrum hefur verið brugðist við með fyrirbyggjandi aðgerðum og/eða eftirlitsaðgerðum til að tryggja að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu ekki fyrir borð bornir. Slíkar aðgerðir fela m.a. í sér aðgreiningu starfa, skilgreiningu og skjalfestingu verkferla, rafrænar eftirlitsaðgerðir og útvistun einstakra verkþátta til óháðra aðila. Með fyrrgreindum aðgerðum telja rekstraraðili og vörsluaðili að komist hafi í veg fyrir greinda mögulega hagsmunaárekstra. Innri endurskoðun, sem útvistað er til löggildra endurskoðenda, hefur eftirlit með fyrrgreindum fyrirbyggjandi aðgerðum.

Nánari upplýsingar um hættu á hagsmunaárekstrum og varnarráðstafanir þar að lútandi má nálgast í stefnu ÍV sjóða hf. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

Um vörsluaðila verður eingöngu skipt með uppsögn sammingsins að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 116/2021. Uppfærðar upplýsingar um vörsluaðila eru ávallt aðgengilegar fjárfestum þegar þeirra er óskað.

5.3. Útvistun verkefna

Í reglum sjóðsins er tiltekin heimild til útvistunar verkefna að uppfylltum ákvæðum þar að lútandi í lögum nr. 116/2021. Fyrirkomulag útvistunar skal koma fram í útboðslýsingu hverju sinni. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstrarfélags gagnvart sjóðnum eða eigendum eignarluta sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 116/2021.

Til staðar eru samningar við Íslensk verðbréf hf., móðurfélag rekstrarfélagsins, um útvistun verkefna. Samkvæmt samningnum sjá Íslensk verðbréf hf., um fyrir hönd rekstrarfélagsins og þar með sjóðsins:

1. Viðhaldi skrár yfir eigendur eignarhlutdeildar
2. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina
3. Uppgjör viðskipta
4. Kynningu á vörum ÍV sjóða hf.
5. Tækniþjónustu
6. Gengisútreikning sjóða
7. Regluvörslu
8. Bókhaldsþjónustu og uppsetningu fjárhagsreikninga*

* Bókhaldsþjónustu og uppsetningu fjárhagsreikninga er keðjuútvistað til T plús hf., kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri. T plús hf. er fjármálafyrirtæki sem sinnir vörslu- og uppgjörþjónustu fjármálagerninga. Félagið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem verðbréfafyrirtæki, skv. 5. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Keðjuvistun er leyfileg að fenginni heimild rekstrarfélagsins.

Hagsmunaárekstrar geta hugsanlega komið upp þegar fjármálafyrirtæki og/eða starfsmenn þess þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og eru í aðstöðu til að láta einn aðila í betri aðstöðu á kostnað annars aðila. Í starfsemi fjármálafyrirtækja geta t.d. skapast kringumstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna, fjármálafyrirtækisins eða sjóðs eru ekki þeir sömu. ÍV sjóðum hf. og Íslenskum verðbréfum hf. er skylt að grípa til allra sanngjarnra eða viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina ÍV sjóða hf. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga.

Uppfærðar upplýsingar um efni kafla 5.2 og 5.3 verða gerðar aðgengilegar fjárfestum samkvæmt beiðni þeirra þar um.

5.4. Starfskjarastefna ÍV sjóða hf. – samantekt

ÍV sjóðir hf. hafa sett sér starfskjarastefnu með gagnsæi að leiðarljósi m.a. til að stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið. ÍV sjóðir hf. leggja áherslu á að greiða samkeppnishæf laun og laða til sín hæft starfsfólk. Stjórnarmenn skulu fá fasta mánaðarlega greiðslu í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Stjórn leggur fram tillögu fyrir aðalfund um laun stjórnar til eins árs í senn að teknu tilliti til þess tíma sem stjórnarmenn verja í störf sín, ábyrgðar þeirra og umfangs starfsemi félagsins. Við ákvörðun um starfskjar og laun framkvæmdastjóra skal horft til ábyrgðar, menntunar og reynslu. Almennt séð gilda aðeins ákvæði ráðningarsamnings um greiðslur vegna starfsloka. Sérstakar aðstæður geta orðið þess valdandi að gerðir séu starfslokasamningar. Slíkir samningar eru háðir samþykki stjórnar og skulu vera í samræmi við 17. gr. b. laga nr. 116/2021 og 21. gr. b. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ekkert kaupaukakerfi er í gildi hjá félaginu og félaginu því óheimilt að ákvarða og greiða starfsmönnum sínum kaupauka.

Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu ÍV sjóða hf. eru aðgengilegar á vef félagsins: www.ivsjoDIR.is/is/um-rviv/reglur-og-samthykkir. Afrit af starfskjarastefnunni á pappír er aðgengileg fjárfestum án endurgjalds samkvæmt beiðni.

5.5. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þóknunir og annar kostnaður

Árleg umsýsluþóknun: Sjóðurinn skal greiða rekstrarfélagi hlutfallslega umsýsluþóknun fyrir að sinna daglegum rekstri sjóðsins. Þóknun skal greiddast mánaðarlega og miðast við árlega hlutfallstölu af daglegu innra virði sjóðsins (NAV). Þóknun skal reiknast daglega inn í gengi sjóðsins. Hlutfallstala þóknunar skal að hámarki nema 2% árlega af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins á meðan hann er starfræktur, en við útgáfu þessarar útboðslýsingar nemur þóknunin 1,0%.

Þóknun við kaup: Þóknun fyrir sölu eignarhlutdeildar í sjóðnum rennur til rekstrarfélagsins og eftir atvikum til söluaðila skv. samningum milli aðila og eftir því sem við á. Söluþóknun skal endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma. Hlutfallstala söluþóknunar skal að hámarki nema 2% af verðmæti sölu og í dag er hún 0,5%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

Afgreiðslugjald: Söluaðili hefur heimild til að innheimta hjá kaupendum afgreiðslugjald að fjárhæð allt að kr. 500 fyrir hver kaup eða innlausn. Enn fremur getur rekstrarfélagið krafist endurgreiðslu útgjalda sem til falla vegna þriðja aðila og rekstrarfélaginu er heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun fyrir sérstaka þjónustu sem veitt er utan eðlilegra skyldustarfa og telst sjóðnum til hagsbóta.

Kostnaður greiddur af sjóðnum: Sjóðurinn ber sjálfur kostnað tengdan eignasafni sjóðsins, svo sem viðskiptakostnað og vörslugjöld, auk þess að bera sjálfur kostnað við staka rekstrarþætti, t.d. endurskoðun, bókhald og eftirlitsgjöld.

Stjórnunarkostnaður sjóðsins skal að hámarki vera 3%. Ekki skal fjárfest í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri stjórnunarkostnað en 5%.

Öll gjöld og þóknanir dragast frá tekjum og verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

Reglur

ÍV Ríkisskuldabréfasjóður hs.

1. gr.

Heiti sjóðsins

Nafn sjóðsins er ÍV Ríkisskuldabréfasjóður hs., kt. 650615-9720. Sjóðurinn er verðbréfasjóður og starfar samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Rekstrarfélag sjóðsins er ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri. Ekki verður skipt um rekstrarfélag nema fyrir liggi samþykki stjórnar ÍV sjóða hf. og staðfesting fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir nefnt „**Fjármálaeftirlitið**“) á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og svo framarlega sem að nýtt rekstrarfélag sjóðsins sé með starfsleyfi sem slíkt í skilningi laga nr. 116/2021. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á rekstrarfélagi sjóðsins í samræmi við 10. gr. reglna þessara.

ÍV sjóðir hf. var stofnað árið 2001 og rekur verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði og starfar á grundvelli laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Rekstrarfélag sjóðsins er með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

2. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins

Markmið sjóðsins er að veita hlutdeildarskírteinishöfum ávöxtunartækifæri í gegnum safn ríkisskuldabréfa þar sem áhersla er á eigna- og áhættudreifingu.

Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðurinn leitast við í fjárfestingum sínum að hafa meðallíftíma heildareigna sjóðsins 5-10 ár.

Sjóðurinn bindur fjárfestingar við verðbréf sem gefin eru út eða eru með ábyrgð íslenska ríkisins og takmarka þannig fjárfestingar sínar við Ísland. Íslenska ríkið hefur lánshæfismat óháðra aðila. Þrjú matsfyrirtæki meta lánshæfi ríkissjóðs Íslands, Moody's Investors Service, Fitch Ratings og Standard & Poor's. Mat þeirra gefur vísbendingu um hvað telja megi að felist í ríkisábyrgð íslenska ríkisins. Fyrirtækin meta lánshæfi og gefa bókstafseinkunn, en henni fylgir jafnan mat á horfum á breytingum á lánshæfismati sem geta neikvæðar, stöðugar eða jákvæðar. Er fjárfestum bent á að kynna sér mat framangreindra fyrirtækja á lánshæfi íslenska ríkisins.² Breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins eru gerðar með sama hætti og aðrar breytingar á reglum sjóðsins og fer því um þær eftir 10. gr. reglna hans.

Fjárfestingar sjóðsins þurfa ávallt að samræmast gildandi reglum um fjárfestingarheimild verðbréfasjóða sem kveðið er á um í ákvæðum 64.-76. gr. laga nr. 116/2021. Sjóðnum er óheimilt að víkja frá þeim ákvæðum.

Sjóðurinn hefur fengið heimild Fjármálaeftirlitsins til þess að fjárfesta umfram 35% og allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins, sbr. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 116/2021. Þegar heimildin er nýtt af verðbréfasjóðnum skal sjóðurinn dreifa slíkri fjárfestingu á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur. Má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs við þessar kringumstæður.

² Frekari upplýsingar um matsfyrirtækin er að finna á heimasíðu þeirra, <http://www.fitchratings.com/>, <http://www.moodys.com/cust/default.asp> og <http://www2.standardandpoors.com>.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, eða binda meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálafyrirtækis. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Þrátt fyrir þetta er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Að öðru leyti skal fara eftir takmörkum þeim sem koma fram í lögum nr. 116/2021 í IX. kafla um fjárfestingarheimildir.

Sjóðnum er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra. Þá er sjóðnum óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán. Slík lán mega ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

Sjóðnum er óheimilt að skortselja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram (skortsala)

Sjóðurinn nýtir sér ekki heimildir skv. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 til að fjárfesta í skráðum eða óskráðum afleiðum og er því óheimilt að stunda viðskipti með afleiður.

Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Þá er sjóðnum heimilt að taka skammtímalán til að mæta innlausnum, að hámarki 10% af heildareignum sjóðsins, sbr. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021.

Neðangreind tafla lýsir áherslum og sértækum skilyrðum sem sjóðnum eru settar umfram það sem leiðir af lögum nr. 116/2021.

Skuldabréf og víxlar með ábyrð Ríkissjóðs Íslands 100%

3. gr.

Verkefni rekstraraðila.

ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, fara með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Fer um verkefni rekstrarfélagsins samkvæmt sömu lögum, þar sem fram koma meginhlutverk í rekstri sjóða; eignastýring sjóðs og áhættustýring sjóðs. Varsla fjármálagerninga skal falin vörsluaðila með starfsleyfi sem slíkur, sbr. 4. gr. reglna þessara.

Öðrum verkefnum í daglegum rekstri sjóðsins er heimilt að útvista að uppfylltum ákvæðum þar að lútandi í lögum nr. 116/2021. Skal fyrirkomulag útvistunar tilgreint í útboðslýsingu hverju sinni. Stjórn ÍV sjóða hf. getur heimilað keðjuútvistun. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstrarfélags gagnvart sjóðnum eða hlutdeildarskírteinishöfum, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 116/2021.

4. gr.

Vörsluaðili sjóðsins.

Umsjá og varðveisla fjármálagerninga sjóðsins skal falinn vörsluaðila með starfsleyfi sem slíkur. Vörsluaðili sjóðsins er Íslensk verðbréf hf., móðurfélag rekstrarfélagsins, kt. 610587-1519. Til staðar skal vera skriflegur samningur á milli aðila. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggi samþykki stjórnar ÍV sjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og samþykki Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á vörsluaðila sjóðsins í samræmi við 10. gr. reglna þessara.

Að gættum skilyrðum laga nr. 116/2021 og heimild stjórnar rekstrarfélagsins er vörsluaðila heimilt að fela öðru fyrirtæki varðveislu verðbréfa sjóðsins að hluta eða öllu leyti.

Þar sem vörsluaðili er jafnframt móðurfélag rekstraraðila er fyrir hendi aukin hættu á hagsmunaárekstrum. Rekstraraðili og vörsluaðili skulu framkvæma ítarlegt mat á mögulegum hagsmunaárekstrum er varða hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa annars vegar og hagsmuni vörsluaðila hins vegar. Í þeim tilfellum þar sem greind hefur verið hættu á hagsmunaárekstrum skal bregðast við með fyrirbyggjandi aðgerðum og/eða eftirlitsaðgerðum til að tryggja að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu ekki fyrir borð bornir. Sé ekki unnt að fyrirbyggja eða stýra hættu á hagsmunaárekstrum skal upplýsa um slíka hættu í útboðslýsingu.

5. gr.

Þóknunir og kostnaður.

Árleg umsýsluþóknun: Sjóðurinn skal greiða rekstrarfélaginu hlutfallslega umsýsluþóknun fyrir að sinna daglegum rekstri sjóðsins. Hlutfallstala þóknunar skal hverju sinni tiltekin í útboðslýsingu sjóðsins og á heimasíðu rekstrarfélagsins en skal að hámarki nema 2%.

Þóknun við kaup: Þóknun fyrir sölu eignarhlutdeildar í sjóðnum rennur til rekstrarfélagsins og eftir atvikum til söluaðila skv. samningum milli aðila og eftir því sem við á. Söluþóknun skal endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma. Hlutfallstala söluþóknunar skal að hámarki nema 2% af verðmæti sölu.

Afgreiðslugjald: Söluaðili hefur heimild til að innheimta hjá kaupendum afgreiðslugjald að fjárhæð allt að kr. 500 fyrir hver kaup eða innlausn. Enn fremur getur rekstrarfélagið krafist endurgreiðslu útgjalda sem til falla vegna þriðja aðila og rekstrarfélaginu er heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun fyrir sérstaka þjónustu sem veitt er utan eðlilegra skyldustarfa og telst sjóðnum til hagsbóta.

Kostnaður: Sjóðurinn ber sjálfur kostnað tengdan eignasafni sjóðsins, svo sem viðskiptakostnað og vörslugjöld, auk þess að bera sjálfur kostnað við staka rekstrarþætti, t.d. endurskoðun, bókhald og eftirlitgjöld.

Stjórnunarkostnaður sjóðsins skal að hámarki vera 3%. Ekki skal fjárfest í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri stjórnunarkostnað en 5%.

Þóknunir og upplýsingar um annan kostnað skulu koma skilmerkilega fram í útboðslýsingu.

6. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild í sjóðnum, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eign sína.

Rekstrarfélag sjóðsins gefur ekki út hlutdeildarskírteini að meginstefnu til. Óski fjárfestir eftir því, verða hlutdeildarskírteini gefin út af rekstrarfélaginu til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til sameiginlegrar fjárfestingar. Eignarhlutdeild í sjóðnum verður einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Eignarhlutdeild í sjóðinum skal seld eða innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi.

Beiðni um áskrift og innlausn eignarhluta, sem rekstrarfélagi berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir það (T+2) á því staðfestu gengi þess dags sem beiðni kom fram. Beiðnir, sem berast eftir fyrrgreinda tímasetningu, tilheyra næsta virka degi og ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi þaðan í frá (T+2). Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði uppfyllt. Að öðru leyti gilda ákvæði 61. gr. laga nr. 116/2021 um frestun innlausnar.

7. gr.**Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.**

Ekki er greiddur út arður af eignarhlutdeild í sjóðnum. Arði, vöxtum og öðrum hagnaði af eignum sjóðsins skal bætt við höfuðstól hans. Hagnaður af eignum sjóðsins munu því endurspeglast í virði eignarhlutdeildar í honum.

8. gr.**Virði eignarhlutdeildar.**

Virði (gengi) eignarhlutdeildar í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, vörslukostnaði, innheimtukostnaði, þóknunum og áföllum eða reiknuðum rekstrar eða opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna eða óinnleysta eignarhluta. Virði eignarhlutdeildar í sjóðnum er reiknað út daglega á virkum dögum og birt á heimasíðu ÍV sjóða hf., www.ivsjodir.is. Um útreikning á virði eignarhlutdeildar og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti eftir lögum á hverjum tíma.

9. gr.**Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.**

Fari markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins undir kr. 100.000.000 skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna hagkvæmni þess að slíta sjóðnum fyrir hlutdeildarskírteinishafa eða sameina hann öðrum sjóði eða sjóðum.

Ákvörðun um slit eða samruna sjóðsins skal tekin af stjórn rekstraraðila. Tilkynna skal sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa um ákvörðunina í samræmi við lög.

Tilkynning til eigenda eignarhlutdeildar skal eftir atvikum annað hvort hafa að geyma skilmálaskrá um slit á sjóðnum eða samrunaskrá þar sem samruna sjóðsins við annan eða aðra sjóði er lýst. Þar skal tilgreina dagsetningu gildistöku slitanna eða samrunans og aðrar mikilvægar upplýsingar þannig að hlutdeildarskírteinishöfum sé gert kleift að taka upplýsta ákvörðun um áhrif fyrirhugaðra slita eða samruna á fjárfestingu sína.

Í þeim tilvikum þar sem um fyrirhugaðan samruna við annan sjóð er að ræða skulu í fyrrgreindri tilkynningu koma fram upplýsingar varðandi það tímabil sem hlutdeildarskírteinishafar í sjóðnum geta krafist innlausnar á allri eignarhlutdeild sinni í sjóðnum, skv. þeim skilmálum sem gilda um innlausn, séu þeir ekki samþykkir fyrirhuguðum samruna.

Komi til slita sjóðsins skal rekstraraðili koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi. Skal hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, deilt niður á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu hvers þeirra. Rekstrarfélaginu er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (e. *'distribution in kind'*), á sanngjarnan hátt. Endurskoðandi sjóðsins skal staðfesta skiptingu eigna.

10. gr.**Breytingar á reglum sjóðsins.**

Rekstraraðili setur sjóðnum reglur og er heimilt að gera breytingar á þeim, þ.m.t. fjárfestingarstefnu. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins, sbr. 3.mgr. 32.gr. laga nr. 116/2021. Breytingar á reglum sjóðsins skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

Reglur þessar eru dagsettar 9. október 2023 og staðfestar af stjórn og framkvæmdastjóra ÍV sjóða hf. með rafrænum hætti.

Jón Helgi Pétursson,
framkvæmdastjóri

Stjórn ÍV sjóða hf.

Hjörvar Maronsson

Katrín Káradóttir

Jón Bjarni Kristinsson